

Paulinn 2024 - Fullorðnir

Baugasel

Leiðin liggur í Hörgárdal, nánar í Barkárdal. Baugasel er gamall bær sem Ferðafélagið Hörgur hefur gert upp.

Ekið er að eyðibýlinu Bugi í Hörgárdal og gengið eftir þægilegum vegslóða að Baugaseli.

Vegalengd gönguleiðar frá Bugi að Baugaseli er 6,5 km hvor leið, alls 13 km og 200 m hækkun.

Aka má áfram á jeppum/jepplingum að trébrú á Barká í Barkárdal og er vegalengd gönguleiðar þaðan að Baugaseli um 2 km hvor leið, alls 4 km og hækkun 30 m.

Sama leið gengin til baka.

Göngutími fer eftir því hvor leiðin er valin en lengri leiðin getur tekið 3 - 4 klst.